


Notkunarleiðbeiningar MOTOmed® layson edition



MOTOmed layson.I með útvíkanlegan undirvagn

RECK




MOTOmed layson.Ia



MOTOmed layson.I





MOTOMed layson.la



MOTOMed layson.l

- en Please use the MOTOMed only after you have read the instruction manual. If you should not understand the language of the present version, please request the instruction manual in your national language.
- de Benutzen Sie das MOTOMed erst, nachdem Sie die Gebrauchsanweisung gelesen haben. Sollten Sie die vorliegende Sprachversion nicht verstehen, fordern Sie bitte eine Anleitung in Ihrer Landessprache an.
- is Vinsamlegast notið MOTOMed-tækið eingöngu eftir að hafa lesið notendahandbókina. Ef þú skilur ekki tungumál núverandi útgáfu, vinsamlegast biðjið um notendahandbókina á ykkar eigin tungumáli.
- fr Avant de commencer votre entraînement MOTOMed, veuillez lire les instructions d'utilisation. Si ces instructions d'utilisation ne correspondent pas à votre langue, n'hésitez pas à nous demander une autre traduction.
- es Utilice el MOTOMed sólo después de haber leído las instrucciones de uso. Si no entiende el idioma de la presente versión, por favor exija un manual en su lengua nacional.
- pt Use o MOTOMed somente, depois de ter lido as instruções de operação. Em caso que você não compreenda a língua desta instrução, peça por favor uma orientação em sua língua nacional.
- it Per un ottimo funzionamento del MOTOMed leggere le istruzioni per l'uso. Se riscontrate qualche difficoltà riguardo la vostra lingua madre consultate il vostro servizio assistenza.
- nl Neem uw MOTOMed pas in gebruik nadat u de gebruiksaanwijzing hebt gelezen. Indien de gebruiksaanwijzing niet overeenstemt met uw moedertaal, aarzel dan niet ons te contacteren en een andere taalversie aan te vragen.
- sv Använd MOTOMeden endast, efter du har läst fungerande anvisningen. Om dig bör inte förstå den tillgängliga språkversionen, förfrågan var god a vägledning i ditt nationella språk.
- da MOTOMed må først anvendes, når brugsanvisningen er gennemlæst. Forstår du ikke vedlagte brugsanvisning, rekvirer en dansk vejledning hos ProTerapi.
- pl Przed skorzystaniem z urządzenia MOTOMed prosimy zapoznać się z instrukcją obsługi. Jeśli instrukcja obsługi jest napisana w języku obcym ządajcie Państwo instrukcji w języku przez Państwa znanym.

fallet, þægilegt og snjallt ...

Hjartanlega til hamingju! Þú hefur tekið frábæra ákvörðun með því festa kaup á MOTMed-tækinu. Þetta hreyfimeðferðartæki býður upp á fyrsta flokks afköst. Tækið býr yfir nýjustu tölvutækni og er framsækin gæðavara frá RECK fyrirtækinu, „Made in Germany“.

MOTMed-tækið er vélrænt hreyfimeðferðartæki sem hugsar með þér. Njóttu daglegrar meðferðar sem skilar góðum árangri.

Þessar notkunarleiðbeiningar hjálpa þér að kynnast MOTMed-tækinu þínu. Þær leiða þig á öruggan hátt í gegnum virkni og notkun og gefa þér fjölmargar ráðleggingar og upplýsingar fyrir bestu mögulegu notkun nýja hreyfimeðferðartækisins þíns. Vinsamlegast lesið vandlega blásiða 13 yfir *varúðarráðstafanir* í kafla 2 fyrir gangsetningu MOTMed-tækisins.

blásiða 79 Ef þú hefur frekari spurningar eða athugasemdir er hæfa MOTMed-ráðgjafateymi fyrirtækisins RECK ávallt til þjónustu reiðubúið.

Við óskum þér mikillar hamingju og hreyfingar með MOTMed-tækinu.

	Inngangur	1
13	Varúðarráðstafanir	2
21	Sjónræn skoðun	3
27	Uppsetning, staðsetning, gangsetning	4
49	Notkun	5
59	Fylgihlutir	6
67	Bilanagreining	7
71	Hreinsun, viðhald, endurvinnsla	8
73	Tæknilegar upplýsingar, tákni	9
79	Þjónusta	10
81	Ráðleggingar um rafsegulviðssamhæfi	11
85	Efnisskrá	12

- 6 **Upplýsingar um þessa notendahandbók**
- 7 **Tilætluð notkun**
- 7 **Markhópur sjúklinga**
- 7 **Viðurkennd notkun**
- 8 **Riftunarákvæði**
- 9 **Markmið þjálfunar**
- 9 **Ábendingar (Sjúkdómar)**
- 10 **Frábendingar**
- 10 **Óæskilegar hliðarverkanir**
- 11 **Alvarlegt atvik**

Upplýsingar um þessa notendahandbók

Lesið þessa notendahandbók vandlega áður en tækið er notað í fyrsta skipti og veitið eftirtöldum atriðum athygli. Geymið þessa notendahandbók fyrir áframhaldandi notkun.

Notkunarleiðbeiningarnar í þessari notendahandbók gilda fyrir allar gerðir MOTOmed layton:

MOTOmed layson.la (útvíkanlegur undirvagn)	Pöntunarnr. 261.130
MOTOmed layson.la (samsíða undirvagn)	Pöntunarnr. 261.030
MOTOmed layson.la (útvíkanlegur undirvagn)	Pöntunarnr. 261.110
MOTOmed layson.la (samsíða undirvagn)	Pöntunarnr. 261.010
MOTOmed layson.la (útvíkanlegur undirvagn)	Pöntunarnr. 261.330
MOTOmed layson.la (samsíða undirvagn)	Pöntunarnr. 261.230
MOTOmed layson.la (útvíkanlegur undirvagn)	Pöntunarnr. 261.310
MOTOmed layson.la (samsíða undirvagn)	Pöntunarnr. 261.210
MOTOmed layson.la (útvíkanlegur undirvagn)	Pöntunarnr. 261.119
MOTOmed layson.la (samsíða undirvagn)	Pöntunarnr. 261.139

Þessi handbók inniheldur öryggisupplýsingar sem hjálpa þér að bera kennsl á og forðast hættur.

Tvö viðvörunarorð og tilheyrandi tákn beina athygli að mögulegum hættum:

VIÐVÖRUN Varar við mögulegri hættu með miðlungsáhættu, sem gæti valdið dauða eða (alvarlegum) meiðslum ef ekkert er gert til að koma í veg fyrir hana.



VARÚÐ Varar við mögulegri hættu með lítilli áhættu sem gæti valdið lítilsháttar eða miðlungs meiðslum á fólki eða skemmdum á hlutum ef ekkert er gert til að koma í veg fyrir hana. Gæti einnig verið notað til að vara við skemmdum á hlutum.



Eftirfarandi tákn vísa til viðbótarupplýsingar eða nánari upplýsinga:



Viðbótarupplýsingar um notkun MOTOMed-tækisins, sem og um notkun aukabúnaðar og MOTOMed-hugbúnaðar.

blásíða 77 Tilvísun í nánari upplýsingar eða skýringamyndir á öðrum stað (hér t.d. á síðu 77).

Tilætluð notkun

MOTOMed-tækið er eingöngu ætlað fyrir hlutlausar, studdar og virkar hreyfingar efri og neðri útlíma á einstaklingum sem eru liggjandi. Á meðan á notkun stendur er hægt að stjórna MOTOMed-tækinu með stjórneiningu. MOTOMed-tækið er færanlegt og þar af leiðandi er hægt að nota það á mismunandi uppsetningarstöðum.

Markhópur sjúklinga

MOTOMed layson hentar fyrir fullorðna og unglínga. Algengur sjúklingur er eldri en 15 ára, 140–200 cm á hæð, mest 135 kg að þyngd og er rúmfastur vegna veikinda.

Viðurkennd notkun

Notandinn þjálfar liggjandi í rúmi eða á bekk hjá MOTOMed-tækinu. Nauðsynlegt er þess vegna að festa MOTOMed við gólfíð og fætur notanans þurfa að vera tryggilega festir í fótstigin. Einnig þarf að setja skorður eða hemla á rúmið eða bekkinn.

Þegar MOTOMed er komið upp að rúminu eða bekknum skal ekki gera framkvæma neinar stillingar/breytingar (hæð, staðsetningu ...) við rúmið eða bekkinn.

Rúm eða bekkir sem ekki er hægt að koma tækinu upp að (fótagaflinn of breiður eða ekki hægt að færa tækið undir hann) henta ekki. Ef aðeins er hægt að komast upp að rúminu til hliðar þarf að notast við MOTOMed layson.la eða MOTOMed layson kidz.la-tækin.

Aðeins skal nota aukabúnað sem framleiðandinn hefur samþykkt eða tengja eða festa tæki við sem sérstakt leyfi er fyrir.

Almennar upplýsingar

Notkun á MOTOMed-tækinu er eingöngu leyfð ef farið er eftir leiðbeiningum og öryggisleiðbeiningum sem fram koma í þessari notendahandbók og ef hvorki sjúkraþjálfari eða læknir tilgreinir frábendingar.

Stillingar og breytingar eru eingöngu leyfðar ef handsveifar og fótstig eru ekki á hreyfingu og handleggir og fótleggir eru ekki á þeim eða fest við þau.

MOTOMed-tækið er hentugt til notkunar á heilbrigðisstofnunum og við heilbrigðisþjónustu heima fyrir.

Riftunarákvæði

Framleiðandinn og dreifingaraðilar hans taka enga ábyrgð á afleiðingum þess ef:

- notkun er óviðeigandi, röng eða ótílætluð
- ekki er farið eftir upplýsingum þessarar notendahandbókar
- gerðar eru vísvitandi skemmdir eða gróft gáleysi viðhaft
- ofþjálfun er framkvæmd, t.d fyrir afreksíþróttir
- notkunin brýtur í bága við fyrirmæli sérfræðings eða sjúkraþjálfara
- óleyfilegir fylgihlutir eru settir upp
- viðgerðir eða önnur verk eru unnin af aðilum sem ekki hafa leyfi frá MOTOMed
- notuð er rafmagnssnúra sem ekki er afgreidd frá framleiðandanum við notkun MOTOMed-tækisins

- notuð er leiðsla fyrir MOTOMed-stjórneininguna sem ekki er afgreidd frá framleiðandanum
- utanaðkomandi tæki eru tengd við MOTOMed
- fjarstýring sjúklings eða stjórninengin sem taka má af er tengd við utanaðkomandi tæki

Markmið þjálfunar

Að komast hjá, takmarka eða bæta skaða (fylgikvilla) vegna skertrar hreyfigetu eða hreyfingarleysis sem orsakast aðallega af eftirfarandi ábendingum:

Ábendingar (Sjúkdómar)

- við taugasjúkdóma sem verka á beina og vöðvakerfið svo sem heilabilun barna, heilabilun, heilablóðfall, Parkinsons-sjúkdómur, mænusigg, einkum með spastísk einkenni
- við tauga- og vöðvasjúkdóma svo sem versnandi vöðvarýrnun
- við hrörnunarsjúkdóma svo sem liðagigt og eftir liðaskipti á hné
- við taugahrörnunarsjúkdóma svo sem Parkinsons-sjúkdóm
- við sjúkdóma í hjarta eða blóðrás svo sem æðakölkun eða háþrýsting
- við sjúkdóma í öndunarfærum svo sem langvarandi berkjubólgu, langvarandi lungnateppu (COPD)
- við sjálfsónæmi svo sem langvarandi gigtarsjúkdóma
- hjá sjúklingum á gjörgæslu sem eru hreyfingarlausir eða haldnir mörgum sjúkdómum
- hjá sjúklingum sem hafa slasast á höfði eða heila
- hjá sjúklingum í himnuskiljun meðan á henni stendur
- hjá sjúklingum með vessabjúg eftir skurðaðgerð vegna krabbameins
- hjá sjúklingum með æðasjúkdóma svo sem langvarandi lokunarsjúkdóm á útlimum (PAVK)

Frábendingar

Frábendingar sem leiddu til útilokunar þátttakanda úr þeim rannsóknum sem gerðar voru komu ekki fram í klínisku mati.

Með tilliti til áhættugreiningar og margra ára reynslu á sviði hreyfimeðferðartækja verður að hafa samráð við lækni og sjúkráþjálfara varðandi eftirfarandi frábendingar áður en þjálfun hefst:

- við alla bráðasjúkdóma með hækkuðum líkamshita
- við bráðaverki
- við bráða blóðtappamyndun
- við nýleg beinbrot, nýleg slys á liðamótum, nýlegar aðgerðir vegna liðskipta/gervilima, nýlegs krossbandsslits, nýleg liðskipti á hné eða mjöðm
- við beinþynningu á háu stigi (þrep 2 og 3)
- við þungun frá og með 2. þriðjungi
- við blæðingu (inn á heila)
- við aðkenningu á brjóstverkjum
- hjá sjúklingum sem eru með þekktu hjartaöng,eiga í hættu á að fá hjartaslag, óreglulegan hjartslátt og hjartabilun
- við alvarlega liðagigt í hné og mjöðm, stirðleika í útlimum, mikla vöðvastyttingu, hættu á að ganga úr lið í mjöðm eða öxl (t.d. öxl sem gengin er úr lið)
- við háþrýsting (þrep 2 skv. WHO)

Óæskilegar hliðarverkanir

Engar óæskilegar hliðarverkanir hafa komið fram vegna þjálfunar með MOTOmed hreyfiþjálfunartækjum.

Ráðleggingar um eftirstandandi áhættur:

Meginhugtak MOTOmed-hreyfimeðferðartækisins byggir á virkni rafmagnsvéla sem knýja sveifar handleggja- og fótáþjálfarans með mældu afli. Rafmagns- og notkunaröryggi er tryggt af framleiðanda með alhliða ráðstöfunum svo að ef öllum öryggisleiðbeiningum er framfylgt er eftirstandandi áhætta af MOTOmed-tækinu lítilsháttar.

Hins vegar er nauðsynlegt að vera algjörlega meðvitaður um að sveifarnar sem snúast gætu valdið meiðslum við vangá, ef öryggisleiðbeiningar eru virtar að vettugi eða við ranga notkun MOTOmed-tækisins.

Í tilvikum notenda sem ekki geta farið eftir öryggisleiðbeiningum sjálfir eða borið kennsl á og forðast hættulegar aðstæður verður þjálfun að fara fram undir faglegu eftirliti.

Alvarlegt atvik

Leiðbeining samkvæmt tilskipun (ESB) 2017/745:

Ef upp kemur alvarlegt atvik sem varðar vöruna beint eða óbeint eða ef slíkt atvik gæti hafa komið upp (t.d. tímabundinn eða langvarandi alvarlegur heilsubrestur hjá notanda/sjúklingi) þarf að tilkynna það tafarlaust til framleiðandans (vigilance@motomed.com) svo og til viðkomandi yfirvalda þess aðildarríkis þar sem notandinn og/eða sjúklingurinn er búsettur.

VARÚÐ



blásiða 13

Við notkun MOTOmed-tækisins verður að veita varúðarráðstöfunum í kafla 2 góða eftirtekt.

Almennar ráðleggingar

Þjálfunin með MOTMed-tækinu verður að vera í samræmi við heilsufarsástand einstaklings. Þjálfunarráðleggingar frá framleiðanda eða dreifingaraðilum hans eru skuldbindingalausar. Ekki er mögulegt að tilgreina nákvæmlega hvernig nota skal MOTMed-tækið í ýmsum sjúkdómstilvikum. Þetta á einnig við um upplýsingar um þjálfunarstillingar þar sem mögulegar stillingar þeirra fara eftir aldri, hæð, heilsufarsástandi, álagsþoli eftir skurðaðgerðir og almennu hreysti notandans.

Fyrsta notkun MOTMed-tækisins verður ávallt að fara fram undir eftirliti og samkvæmt leiðbeiningum fagaðila. Fyrir fyrstu þjálfun skalt ákveða tegund, eðli, styrk og lengd þjálfunar í samráði við lækni og sjúkráþjálfara. Við upphaf þjálfunar skal einnig athuga forstillingar valinna þjálfunarkerfa MOTMed-tækisins.

Gætið að réttri legustellingu við þjálfun. Rúmið eða bekkurinn þarf að vera beinn og meðfram eða í réttu horni (MOTMed layson.la) við MOTMed-tækið. Höfðalag rúmsins eða bekkisins þarf að vera lítið eitt reist.

Hreyfingasvæðið (auknar beygjur eða teygjur) fyrir hnjá- og mjaðmaliði fer eftir bilinu milli þjálfunartækisins og notandans. Bilið milli notandans og MOTMed þarf vað velja í samræmi við hreyfigetu liðamótanna. Notandinn þarf að byrja þjálfunin með lítið bil að MOTMed til að koma í veg fyrir að teygja of mikið og þannig læsa hnjáliðunum. Setjið aðeins fæturna í fótstigin í liggjandi stellingu.

Ef fótfestan er of lítil vegna lömunareinkenna eða mikils krampa (spastík) er nauðsynlegt að notast við fótleggjabeininn »TrainCare« og ef með þarf, hraðfestinguna »QuickFix« fyrir fætur eða undirarmshvilur fyrir handleggina ef með þarf.

Gangið úr skugga um að notandinn geri sér grein fyrir virkni MOTOmed-tækisins meðan á þjálfun stendur og sé fær um að stjórna tækinu og stöðva það með stjórneiningunni sem taka má af eða fjarstýringunni fyrir sjúklinga. Annars er nauðsynlegt að hafa stöðugt eftirlit með þjálfuninni.

Óviðkomandi einstaklingum (gestum, aðstoðarmönnum o.s.frv.) er óheimilt að gera nokkrar breytingar á rúminu, bekknum eða MOTOmed-tækinu á meðan á þjálfun stendur. Dragðu úr snúningshraða eftir að tækið hefur verið sett í gang ef heilsufarsástand notandans leyfir ekki MOTOmed-þjálfun með hámarks snúningshraða upp á 20sn/mín.

Handföngin/fótstigin og kálfahvílur fótleggjabeinis mega almennt séð komast í snertingu við óskaddaða húð.

Við notkun festingarbanda skal klæðast sokkum og/eða skóm, síðum buxum eða svipuðum klæðnaði. Sé það gerthindrar það beina snertingu húðarinnar við fótstigin/festingarbönd og kemur í veg fyrir marbletti, húðertingu eða skrámur.

Ef hættu er á húðskrámmum, marblettum eða öðrum meiðslum vegna sjúkdóms, fótstöðu eða stillingu fótleggjabeinisins er ekki mælt með þjálfun. Í því tilviki þarf notandinn að gera viðeigandi varúðarráðstafanir (setja í púða o.s.frv.) í samráði við lækni eða sjúkraþjálfara.

Ef um opin sár er að ræða eða hættu á þrýstingssári (t.d. vegna viðkvæmrar uppbyggingar vefja eða húðar), sérstaklega á líkamsstöðum sem komast í snertingu við meðferðartækið, er MOTOmed-þjálfun einungis möguleg eftir samráð við lækni og sjúkraþjálfara eða á eigin ábyrgð. Framleiðandi tækisins ber enga ábyrgð á meiðslum sem hljóttast af þegar brotið er í bága við þessar leiðbeiningar.

Aukin heilsufarsáhætta getur skapast undir áhrifum áfengis, eiturlyfja eða lyfja. Í því tilviki er ekki mælt með notkun MOTOMed-tækisins. Í tilviki sársauka, ógleði, blóðrásarvandamála o.s.frv. skal þegar í stað stöðva þjálfun og hafa samband við lækni. Framleiðandinn og söluaðilar hans taka enga ábyrgð í tilviki rangar eða of ákafrar notkunar notandans.

Einnarhliðarþjálfun, þar sem aðeins einn fótleggur eða handleggur er notaður eða við mikinn þyngdarmun á milli útlíma, skal í upphafi fara fram undir eftirliti umönnunaraðila. Framkvæmið einnarhliðarþjálfun einungis við mikið hemlaviðnám eða með því að nota mótvægi sem framleiðandi hefur tilgreint í þessum tilgangi.

Þjálfun handleggja/efri líkama

Varúðarráðstafanir fyrir kraftmælingar efri útlíma:

Hjá börnum er styrkleiki beina tiltölulega lágur þannig að beinbrot eða svokölluð teinungsbrot (ófullkomin beinbrot) geta auðveldlega átt sér stað. Til að koma í veg fyrir slík meiðsl, gangið úr skugga um að úlnliðurinn sé vel studdur á meðan á kraftmælingum efri útlíma stendur.

Gangið úr skugga um að handa-, úlnliðs- og handleggjastillingar séu í samræmi við ráðleggingar lækningastofunnar þinnar.

Sjáið einnig til þess að barnið sitji í uppréttri stöðu eftir því sem hægt er og komið í veg fyrir að snúið sé upp á framhandlegg og úlnlið.

Ef rétt tenging við MOTOMed-tækið sé ekki ljós eða ef spurningar koma upp, vinsamlegast hafið samband við tengiliði okkar í

blásíða 79 þjónustumiðstöðinni.

Öryggis- og tæknilegar ráðleggingar

MOTMed-tækið er mjög sérhæft hreyfimeðferðartæki sem ekki er hannað til notkunar við þjálfun afreksíþrotta eða tilsjúkdómsgreininga. Í þeim tilgangi mælum við með notkun viðurkenndra og kvarðaðra kraftmælitækja eða hlaupabretta.

Mæligildin sem hér eru sýnd sýna eingöngu meginstefnuna eða sálfræðilega endurgjöf ætlaða notandanum.

blásíða 81 Sem lækningatæki er MOTMed-tækið háð sérstökum varúðarráðstöfunum varðandi rafsegulsviðssamhæfi. Við uppsetningu og notkun skal því fylgja ráðleggingunum um rafsegulsviðssamhæfi.

Börn mega ekki stunda þjálfun á MOTMed-tækinu án eftirlits. Haldið eftirlitslausum börnum frá MOTMed-tækinu.

Haldið dýrum frá MOTMed-tækinu til að koma í veg fyrir meiðsl á dýrunum.

Þjálfði eingöngu þegar kveikt er á MOTMed-tækinu.

Breytið hvorki stöðu né staðsetningu MOTMed-tækisins á meðan á þjálfun stendur eða á meðan fótleggir eða handleggir eru festir við tækið.

VARÚÐ



Hætta á meiðslum vegna þess að tækið veltur um koll

Beitið ekki hliðlegu afli á MOTMed-tækið. Beitið ekki fullri eða hluta af líkamsþyngd á hand- og halföngin (t.d. þegar verið er að styðjast við tækið eða hifa sig upp). Handföngin eru eingöngu ætluð til að um þau sé gripið með höndum meðan á notkun stendur. Stígið ekki upp á tækið!

VARÚÐ



Slyshætta vegna hluta tækisins á óvæntri hreyfingu

Allir stillanlegir hlutar eru með appelsínugult handfang til að festa þá. Gætið þess að þegar festihandföngin eru losuð hreyfist hlutar tækisins ekki óvænt til. Tryggið stillingar á tækinu með því að herða handföngin.

VARÚÐ**Hætta á meiðslum vegna fótstiga sem snúast og íhluta á hreyfingu.**

Stillið ekki vélbúnað MOTOmed meðan fótstigin snúast.

Veitið einnig sveifunum sem snúast athygli við notkun hnappa á stjórnborði.

Varist að setja fingurna á milli hússins og sveifanna á meðan þær snúast.

Grípið aldrei í hluti sem eru á hreyfingu!



Ef MOTOmed-tækið stöðvast hvorki með því að styðja á rauða stopp-hnappinn né straumrofann, dragið tafarlaust úr hraðanum niður í 1 snún./mín. og ljúkið þjálfun eða takið rafmagnssnúruna úr sambandi. Eingöngu er hægt að hefja þjálfun aftur ef bilunin hefur verið lagfærð.



Hreyfanleg eða færanleg hátíðnifjarskiptatæki eins og t.d. farsímar eða áhugamannaútvarpsstöðvar gætu haft áhrif á virkni MOTOmed-tækisins. Slík tæki eru merkt með tákni sem sýnt er hér til hliðar og þannig er hægt að bera kennsl á þau.

VARÚÐ**Hætta á ofhitnun íhluta hússins**

Ef sól skín stöðugt á tækið gætu íhlutir hússins ofhitnað. Komið þess vegna MOTOmed-tækinu fyrir á viðeigandi stað.



Yfirborðshiti stjórnborðshússins er allt að 13 °C hærri en umhverfishiti sökum hitans sem raftækin gefa frá sér. Jafnvel án beinnar sólargeislunar við hæsta leyfilega umhverfishita (40 °C) gætu hnappar stjórneiningarinnar hitnað upp í allt að 53 °C. Notendur sem gætu orðið fyrir skaða skildu þeir komast í snögga snertingu við slíkan hita ættu að gera viðeigandi varúðarráðstafanir.

VARÚÐ**Hætta á skemmdum á mótor og raftækjum**

Hamlið ekki á móti fyrirfram stilltum snúningshreyfingum.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Við notkun á fjarstýringu sjúklings sem tengd er með leiðslu/ stjórneiningu tækisins sem taka má af að leiðslurnar séu ekki í grennd við fótstig sem snúast eða handföng heldur liggja langsum eftir rúminu. Gætið sérstaklega að því að við notkun á fjarstýringu sjúklings sem tengd er með leiðslu/stjórneiningu tækisins engin spenna sé á leiðslunni og að hún lendi ekki í grennd við snúningssvæði fótstigganna eða handfanganna.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum vegna rafstuðs

Notið aldrei MOTOmed-tækið þegar klæðning hefur verið fjarlægð. Opnið aldrei húsið og stingið aldrei málhlutum í gegnum MOTOmed-tækið.

Einungis aðilum sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun er heimilt að opna MOTOmed-tækið. Áður en MOTOmed-tækið er opnað verður skilyrðislaust að taka rafmagnsklónna úr innstungunni.

Notið MOTOmed-tækið aldrei í blautu eða röku umhverfi.

MOTOmed-tækið má hvorki komast í snertingu við vatn né raka.

Ef hlutur eða vökvi skyldi komast inn í MOTOmed-tækið verður að láta hæfan fagaðila yfirfara það áður en áframhaldandi notkun fer fram.

Sjáið til þess að engin olía komist inn í drifkerfisíhluti.

Leyfið einungis standsetningu sem framkvæmd er af eða undir leiðbeiningum og eftirliti fagaðila sem vegna þjálfunar sinnar, þekkingar og reynslu eru færir um að leggja mat á standsetningu og bera kennsl á hugsanlegar afleiðingar eða hættur.

Engar breytingar eru heimilaðar á MOTOmed-tækinu án leyfis frá framleiðanda.

Einungis má nota upprunalega aukahluti og fylgihluti til viðbyggingar eða umbreytingar.

Í atvinnuhúsnæðum verður að framfylgja reglum í reglugerð Þýska viðskiptabandalagsins um slysavarnir fyrir rafbúnað og raftæki.

VIÐVÖRUN



Hætta á meiðslum vegna umbúða

Skiljið ekki umbúðir eftir án eftirlits. Börnum gæti stafað hætta af plastfilmum, plastpokum, hlutum úr frauðplasti o.s.frv.

Ef þú lætur MOTOmed-tækið af hendi til annars aðila vinsamlegast látið þessa notendahandbók fylgja með.

Leiðbeiningar fyrir sjónræna skoðun MOTOmed-tækisins áður en þjálfun hefst

MOTOmed-tækið þitt er hágæða lækningavara og hefur verið þróuð og framleidd í samræmi við sérstaklega háa öryggis- og gæðastaðla sem gilda fyrir lækningavörur. Samkvæmt lagafyrirmælum er framleiðanda lækningarvöru skylt að láta notanda í té margvíslegar öryggisráðleiðbeiningar sem finna má á síðunum hér að aftan.

Gætið að því að hinn mikli fjöldi leiðbeininga þýðir ekki að meiri hætta stafi af notkun MOTOmed-tækisins en af öðrum tækjum sem notuð eru dags daglega. Auk þess tengjast flestar þessara leiðbeininga því við uppfylla sérlega ströng skilyrði sem gilda fyrir lækningatæki til að tryggja öryggi notenda og sjúklinga sem við fylgjum þeim samviskusamlega í þágu viðskiptavina okkar

Jafnvel þó að sumar þessarra leiðbeininga virðist augljósar viljum við gjarnan að þið kynnið ykkur vandlega síðurnar hér á eftir og farið eftir leiðbeiningunum í þaula til þess að MOTOmed-tæki ykkar sé og verði áfram gagnlegt, fyrsta flokks hjálpartæki í langan tíma.

Framkvæmið sjónprófunina **áður en** þjálfun er hafin til að tryggja að tækið sé í góðu ásigkomulagi. Skoðunina, sem lýst er hér fyrir neðan, má framkvæma á fáeinum augnablikum.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til bilanir koma fyrir viðsjónræna prófun	Grundvallaratriði skoðunarþrepa
1. Athugið aflgjafa og rafmagnssnúru		
Er rafmagnssnúran laus við skemmdir eins og t.d. rispur, dældir, holur eða beyglur?	<p>Skipta verður um snúru ef vart verður við sjáanlegar skemmdir.</p> <p>Viðgerð á skemmdri rafmagnssnúru er ekki leyfileg og því verður tafarlaust að skipta henni út fyrir upprunalegan aukahlut frá fyrirtækinu RECK því hann hefur verið prófaður og viðurkenndur fyrir MOTomed-tækið. Hafðu samband við þjónustuaðila RECK fyrirtækisins í þeim tilgangi.</p>	<p>Ef rafmagnssnúran er skemmd er hætt á raflosti, sem þú getur annað hvort orðið fyrir ef þú kemst í snertingu við skemmda svæðið eða ef skemmda svæðið kemst í snertingu við hús MOTomed-tækisins.</p> <p>Þar af leiðandi má ekki undir neinum kringumstæðum nota skemmdar rafmagnssnúru!</p>
<p>Hefur rafmagnssnúrunni verið komið þannig fyrir að:</p> <p>a) hún nær ekki að tengjast við tækið?</p> <p>b) hún kremjast ekki né ekið sé yfir hana af öðrum tækjum?</p> <p>c) hún flækist ekki í fótstigunum?</p> <p>d) hún verði ekki fyrir öðrum vélrænum skemmdum?</p> <p>e) enginn geti hrasað um leiðsluna?</p> <p>f) hún sé ávallt aðgengileg?</p>	<p>Aldrei skal nota rafmagnssnúru ef vírar sjást eða einangrunin er skemmd.</p> <p>Rafmagnssnúrunni skal koma fyrir þar sem enginn getur hrasað um hana og snúran getur ekki orðið fyrir vélrænum skaða á nokkurn hátt.</p> <p>Rafmagnssnúrunni þarf að vera komið þannig fyrir að hún sé ávallt aðgengileg.</p>	<p>Ef rafmagnssnúran er skemmd er hætt á raflosti, sem þú getur annað hvort orðið fyrir ef þú kemst í snertingu við skemmda svæðið eða ef skemmda svæðið kemst í snertingu við hús MOTomed-tækisins.</p> <p>Ef bilun kemur upp í MOTomed-tækinu verður eftirlitsaðili að geta tekið það úr sambandi án hindrana.</p>
2. Skoðun ásigkomulags tækisins		
Eru tækið og stjórnborðið og notaðir fylgihlutir laus við sjáanlegar skemmdir?	Athugaðu hvort gera megi við skemmda ihluti eða hvort skipta þurfi þeim út.	Ef ihlutir tækisins eru skemmdir er ekki hægt að tryggja örugga virkni tækisins lengur. Ef sjáanlegar skemmdir eru til staðar á stjórnborðinu (rispur, brotnir hlutar hússins) þarf að skipta stjórnborðinu út.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til bilanir koma fyrir viðsjónræna prófun	Grundvallaratriði skoðunarþrepa
Er yfirborðshúð handfanganna eða fótstiganna óskemmd?	Látið þjónustu framleiðanda skipta um handföng.	Pólývínýlklórið-klæðning handfanganna veitir notandanum frekari vörn gegn rafspennu.
Er tækið laust við óhreinindi?	Fjarlægja skal óhreinindi í samræmi við hreinsunarleiðbeiningar áður en tækið er notað.	Fjarlægging óhreininda kemur í veg fyrir smithættu.
Eru mögulegir fylgihlutir hentugir og viðeigandi fyrir notanda?	Ef t.d. valkvæð úlnliðsbönd eru of lítil eða of stór biðjum við þig um að skipta þeim út fyrir fylgihlut af viðeigandi stærð. Fylgihluti ætti að velja og nota á þann hátt að t.d. engin núningur húðar geti átt sér stað.	Valdir fylgihlutir af rangri stærð geta í sumum tilfellum valdið því að fylgihlutur þjóni ekki sínu tilætlaða hlutverki eða valdið slyshættu. Þetta þarf að meta áður en þjálfun hefst. Ef notandi getur ekki framkvæmt þetta mat sjálfur verður eftirlitsaðili að framkvæma það.
Er klæðnaðurinn þinn viðeigandi fyrir þjálfunina?	Ómögulegt verður að vera fyrir t.d. víðar buxur, langa klúta, sjöl, löng hálsmen, skartgrip, langt hár o.s.frv. að flækjast í fetlana (sérstaklega við notkun handþjálfara). Notið ekki skó með reimum. Áður en hand-/ efrilikamshlutaþjálfun hefst skal binda langt hár upp í teygju á viðeigandi hátt eða hylja það með höfuðfati.	Óviðeigandi klæðnaður gæti flækst í fótstigum/sveifum og þannig valdið meiðslum. Ef hár eða klæðnaður festist í fótstignum skal tafarlaust styðja á rauða stopp-hnappinn eða slökkva-kveikja-hnappinn þannig að fótstigin stöðvist og hægt sé að losa flæktu aðskotahlutina án þess að skapa frekari hættu.
Er tækið sett upp og stillt þannig að hægt sé að framkvæma fyrirhugaðar hreyfingar án þess að rekast í aðra hluti til dæmis brúnir rúmsins?	Stillið hæð og fjarlægð MOTOmed þannig við rúmið eða bekkinn að engir árekstrar komi fyrir.	Til að koma í veg fyrir slyshættu verður að setja upp og stilla MOTOmed-tækið þannig að notandinn rekist ekki í aðra hluti umhverfis tækið.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til bilanir koma fyrir viðsjónræna prófun	Grundvallaratriði skoðunarþrepa
Eru allar appelsínugular festingar fyrir hæðar- og fjarlægðarstillingar tryggilega hertar?	Athugið festihandfangið fyrir stillingu á hæð svo og fjarlægðarstillingu og herðið vandlega þannig að stillingarnar á MOTMed-tækinu geti ekki breyst óvart.	Ef festingarnar eru ekki kirfilega hertar geta hlutar losnað frá tækinu meðan á þjálfun stendur. Ef hlutir losna á meðan á þjálfun stendur verður að stöðva þjálfunina tafarlaust, með því að stöðja á stopp-hnappinn, og festa lausa hluti kirfilega.
3. Gengið úr skugga um að þjálfunarmhverfi sé eins og best verður á kosið		
Er tækið á sléttu undirlagi og getur ekki vaggað, hallast eða oltið um koll?	Veljið viðeigandi stað til að setja tækið upp þannig að tækið geti ekki vaggað, hallast eða oltið um koll á meðan á þjálfun stendur. Gætið þess að gólfstillingin sé læst með fótstigi og allir 4 hemlafæturnir liggja á gólfinu.	Tækið má hvorki vaggja, hallast né velta um koll því þá hlýst hætta af sem gæti valdið meiðslum á notendum/sjúklingum.
Er undirlagið nægilega stamt til að tækið geti ekki runnið?	Með því að velja stamt undirlag er tryggt að tækið og sætið séu í öruggri stöðu.	MOTMed-tækið gæti runnið til ef það er staðsett á sleipu undirlagi (flisum, spónaparketi, parketi o.s.frv).
Geta sveifarnar/fótstigin hreyfst óhindrað og er engin hætta á að aðrir hlutir gæti festst eða flækst í þeim við fyrirhugaða þjálfun?	Færið alla hluti í burtu frá svæðinu umhverfis sveifarnar sem gætu festst í þeim eða hindrað hreyfingu þeirra við snúning sveifanna. Gætið þess sérstaklega að t.d. hár, hálsklútar eða skartgripir geti ekki flækst í sveifunum.	Sérstaklega þarf að sjá til þess að ekkert geti flækst í vélknúnum snúningsihlutum. Sömu varúðarráðstafanir gilda hér eins og fyrir t.d. eldhúsáhöld eða handborvélar.
Eru fótleggir eða handleggir notandans kirfilega festir tryggilega í fótstigin eða framhandleggshvilurnar?	Festið fótleggi/handleggi samkvæmt leiðbeiningum í kaflanum „Undirbúningur“ (síðu 43 og 45).	Fótleggir/handleggir ættu ekki að geta hreyfst óviljandi úr fótstigum eða framhandleggshvilum.

Skoðunarþrep	Aðgerðir sem grípa skal til bilanir koma fyrir viðsjónræna prófun	Grundvallaratriði skoðunarþrepa
Eru engin önnur raftæki, sem ekki eru viðurkennd lækningatæki, í seilingarfjarlægð frá sjúklingnum?	Fjarlægja skal öll önnur raftæki, sem ekki eru viðurkennd lækningatæki, úr seilingarfjarlægð frá notandanum (svæði sjúklings).	Ef sjúklingurinn kemst í snertingu við önnur rafmagnstæki á meðan á þjálfun stendur, ákvarðast vernd gegn raflosti ekki lengur af sérstaklega góðri verndareinangrun MOTOmed-tækisins heldur af eiginleikum hins tækisins sem notandinn kemst í snertingu við. Til þess að hinn sérstaklega háa lækningatækisöryggisstaðall MOTOmed-tækisins geti verndað sjúklinginn á árangursríkan hátt á meðan á þjálfun stendur mega engin raftengd tæki sem ekki eru viðurkennd lækningatæki vera í seilingarfjarlægð frá notandanum.

28 **Uppsetning, fyrsta notkun**

29 Stilla sveiflustopp

29 Setja handföng á

30 Setja öryggisfótstig á

30 Setja á stjórneiningu sem taka má af sett á (uppsetning vörunnar)

31 Stilla sporbreidd á samsíða undirvagni

33 Akstursarmarnir fínstilltir

4

34 **Flutningur**

35 **Staðsetning**

35 Ekið upp að rúminu/bekknunum

36 Útvíkanlegur undirvagn

37 Gólfesting

38 Ekið upp að hlið rúmsins/bekksins

40 Hnébeygjustilling

40 Hnébeygjustilling með stillihjóli (uppsetning vörunnar)

42 Fótleggjabeinir »TrainCare« (aukabúnaður)

43 Undirbúningur Þjálfun fótleggja

45 Undirbúningur Þjálfun handleggja/efri hluta líkamans

46 **Gangsetning**

47 **Til reiðu**

Uppsetning, fyrsta notkun

Innihald:

- MOTOmed layson með útvíkkaðan eða samsíða undirvagn, lóðrétta súlu og arm með stjórneiningu
- Rafmagnssnúra, lengd 5 m
- Leiðslurúlla, lengd 2,9 m (á gerðum með stjórneiningu sem taka má af)
- Handföng með hraðstillingum (á MOTOmed layson.la)
- Öryggisfótstig með hraðstillingum (á MOTOmed layson.la)
- Fjarstýring sjúklings með leiðslu
- Notkunarleiðbeiningar MOTOmed layson




Aðeins skal láta þar til bært starfsfólk sjá um stillingarnar sem lýst er hér á eftir!



Valkvætt er hægt að fá MOTOmed layson í hlutum og þarf að setja tækið saman á staðnum með aðstoð meðfylgjandi leiðbeininga um samsetningu.

Sundurtekna (mynd 4.1) og samsetta MOTOmed-tækið (mynd 4.2) eru með flutningsöryggi sem felst í að leiðslufestingu ① er komið fyrir á lyftisúlunni. Þannig er komið í veg fyrir að lyftisúlan færast óvart út, einnig ef festihandfangið ② á henni losnar.

Gætið þess fyrst að festihandfangið ② sé hert og síðan leiðslufestingin ①.



Myndir 4.1, 4.2

Stilla sveiflustopp

MOTMed layson.la og MOTMed layson kidz.la eru afgreidd í sérstakri flutningsstillingu. Fyrir notkun þarf að setja tækið í þjálfunarstillingu.

Skrúfið læsiskrúfuna ① á liðamótum ② armsins ③ með innansextantslykli SW4 alveg úr og geymið hana. Losið festigripið ④ og færið þjálfunareininguna ③ úr flutningsstillingunni þannig að hún sé bein og samsíða við undirvatn MOTMed. Skrúfið læsiskrúfuna ① aftur inn að fullu.



Myndir 4.3, 4.4

Setja handföng á

Á MOTMed layson.la eru handföngin afgreidd óásett. Það þarf að setja þau á aður en þjálfun hefst.

blásiða 45 Farið eftir lýsingunni *„Undirbúningur þjálfun handleggja/efri líkama‘, Setja handföng á‘.*

Setja öryggisfótstig á

Á MOTOmed layson kidz.la eru fótstigin afgreidd óásett. Það þarf að setja þau á aður en þjálfun hefst.

blásiða 43 Farið eftir lýsingunni *'Undirbúningur þjálfun fótleggja'*, *'Setja öryggisfótstig á'*.

Setja á stjórneiningu sem taka má af sett á (uppsetning vörunnar)

sjá mynd 4.5 Stjórneiningin sem taka má af ① er afhent án þess hún sé sett á. Fyrir fyrstu notkun tækisins þarf fyrst að setja festingu stjórneiningarinnar ② á.

Takið svörtu hlífðarplötuna ③ úr sérstaka pokaum og ýtið henni upp á festingu stjórneiningarinnar ②.

Stingið RJ45-klónni sem stendur út úr tækinu ④ neðan frá í innanverðan hólkin á hulsu ⑤ stjórneiningarinnar.

Lagfærið stellingu hlífðarplötunnar ③ áður en stjórneiningin ① er sett í ofan frá inn í opið á festingunni.

Gætið þess vandlega að leiðslan ⑥ sé ekki mikið brotin sama eða klemmd.

sjá mynd 4.6 Takið meðfylgjandi læsiskrúfur ⑦ úr sérstaka pokaum. Skrúfið báðar læsiskrúfurnar með ⑦ innansekkantslykli SW4 það fast að hægt sé að snúa stjórneiningunni ①.

Myndir 4.5, 4.6



Ráðlegging:

Ef of auðvelt er að snúa stjórneiningunni þarf að herða læsiskrúfunar. Gætið þess við það að enn sé hægt að snúa stjórneiningunni. Þetta á einnig við um ísettu *föstu stjórneininguna* í staðalgerðinni!

Stilla sporbreidd á samsíða undirvagni

Ef sporbreiddin á MOTomed undirvagninum of lítil til að hægt sé að aka undir rúmið/bekkinn er hægt að breikka hana með innansexkantslyklunum SW4, SW5 og SW6 um mest 30 cm.

VARÚÐ



Hætta vegna akstursarma sem hreyfast óvart

Gætið þess þegar festiskrúfunar eru losaðar að akstursarmarnir hreyfist ekki skyndilega!

sjá myndir 4.7, 4.8

Takið hlífðarplötuna ① af ofan frá.

Hallið undirvagninum varlega um 90° þannig að hægt sé að komast að festiskrúfunum ②. Losið þær með viðeigandi innansexkantslykli.

sjá mynd 4.9

Dragið akstursarmana ③ eins langt út og með þarf.

VARÚÐ




Hætta á skemmdum á tækinu


Dragið ekki akstursarmana út meira en 15 cm hvorum megin.

Ekkert öryggi fyrir útdráttinn er til staðar!

Herðið allar festiskrúfurnar ② aftur og setjið hlífðarplöturnar ① aftur á.



Myndir 4.7, 4.8



mynd 4.9

Akstursarmarnir fínstilltir

Ef undirvagninn er ótryggur eftir að sporbreidd akstursarmanna hefur verið stillt eða rúlluhjólin standa ekki á gólfinu þarf að fínstillast akstursarmana.

Takið hlífðarplötuna ① af ofan frá. Losið báðar neðri festiskrúfurnar ② með innansexkantslykli SW6.

Akstursarmarnir stilltir upp á við:



Snúið stilliskrúfunni ③ innansexkantslykli SW 6 réttisælis og stilliskrúfunni ④ jafn mikið rangsælis.

Akstursarmarnir stilltir niður á við:

Snúið stilliskrúfunni ④ réttisælis og stilliskrúfunni ③ jafn mikið rangsælis.

Þegar undirvagninn er orðinn stöðugur þarf að herða festiskrúfurnar ②, og síðan stilliskrúfunar ③ og ④ vel og vandlega.

Setjið hlífðarplötuna ① aftur á.



Myndir 4.10, 4.11




Ef tækið er með *útvíkanlegan undirvagn* er hægt að stilla sporviddina án verkfæra. Hægt er að fínstillast akstursarmana eins og lýst er hér að framan.

Flutningur

MOTMed-tækið er búið fjórum rúlluhjólum sem auðvelda flutning innanhúss.

Hjólin eru með yfirborð úr gúmmí til að skemma ekki viðkvæm gólf.

Áður en tækið er flutt til þarf að taka rafmagnssnúruna ① alveg af. Vefjið rafmagnssnúruna upp og hengið hana á annað hvort handfangið ②. Til að flytja MOTMed-tækið þarf að losa gólfestinguna með fótstigi ③ og haldið í MOTMed-tækið með báðum flutningshandföngunum. Nú er hægt að færa MOTMed-tækið til.



mynd 4.12

Þegar ekið er yfir þröskulda þarf að gæta þess að þið ýtið MOTMed-tækinu á undan ykkur og að rúlluhjólin ④ fari samtímis (samsíða) yfir þröskuldinn.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Ef MOTMed-tækið er með *útvíkanlegan undirvagn* er aðeins hægt að flytja tækið með því að stilla akstursarmana samsíða til að koma í veg fyrir að MOTMed-tækið velti ekki um eða akstursarmarnir 'rekist saman'. Á MOTMed layson.la þarf að koma þjálfunareiningunni fyrir í akstursstefnu og með akstursarmana samsíða .

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á hlutum vegna hristings

Flytjið MOTOfed-tækið ekki á ójöfnu undirlagi (t.d. gangstéttarhellum). Rafeindartæki og hús MOTOfed-tækisins gætu orðið fyrir skaða.

Staðsetning

Ekið upp að rúminu/bekknunum

sjá mynd 4.13

Akið MOTOfed-tækinu upp að gafli rúmsins eða bekkisins. Til að stilla hæðina þarf að losa festigripið ① á lóðréttu súlunni og færa þjálfunareininguna ② í hæfilega hæð til að hægt sé að hreyfa hana yfir brún rúmsins.



Armurinn er með gasfjöður og færist sjálfkrafa upp á við. Hægt er að styðja við þessa hreyfingu með því að toga varlega í festigripið ③ upp á við. Til að lækka MOTOfed-tækið er ýtt á afturenda festigripsins niður á við.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á hlutum vegna veltu

Þegar ekki er upp að með rúminu/bekknunum með MOTOfed layson.la þarf að gæta þess að lóðréttu lyftisúlan sé eins nálægt gafli rúmsins/ bekkisins eins og hægt er. Þetta gerir MOTOfed-tækið stöðugra og getur ekki oltið ef sterkir krampar koma fram.

Ýtið MOTOfed-tækinu það þétt upp að rúminu að fótstigin ④ séu staðsett ofan við sköflunginn. Þjálfunareiningin þarf að vera við miðju rúmsins eða notandans. Færið fótstigin í æskilega hæð miðað við rúmið og herðið festigripið ① aftur. Gætið þess að fótstigin snerti ekki dýnuna þegar þau eru í lægstu stöðu.



mynd 4.13

Útvíkanlegur undirvagn

Með valkvætt útvíkanlega undirvagninum á MOTMed-tækinu er hægt að aðlaga það á einfaldan og fljótlegan hátt að undirvagni rúmsins.


Ráðlegging: Þegar útvíkanlegi undirvagninn er stilltur má gólffestingin ekki vera sett á!

sjá mynd 4.14 Stjórnsvæfin er notuð þannig að ① hún er færð varlega aftur á bak til að losa hana úr hvíldarstöðu sinni.



sjá myndir 4.15, 4.16 Með því að hreyfa stjórnsvæfina til vinstri færast akstursarmarnir í sundur. Ef hún er færð til hægri færast akstursarmarnir saman. Þegar stillingunni er lokið er stýrissvæfinni sleppt (hún hrekkur sjálfkrafa fram á við) og hvílir í einni af hvíldarstöðum sínum.

Ráðlegging: Ekki er hægt að færa akstursarmana saman á MOTMed layson.la-gerðunum. Færið stjórnsvæfina *ekki* af afli yfir stoppið og til hægri!

Áður en þjálfun hefst þarf að virkja gólffestinguna ②.




mynd 4.14



Myndir 4.15, 4.16

Gólfesting

sjá mynd 4.17 Virkið gólfestinguna þannig að fóturinn er settur beint ofan á fótstigið og fremri hlutanum ① er ýtt niður á við. Þannig er tryggt að tækið sé tryggilega fest meðan á þjálfun stendur.
Til að losa gólfestinguna er fóturinn settur á fótstigið og afturhlutanum ② ýtt niður á við.



mynd 4.17

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Áður en gólfestingin er virkjuð þarf að gæta þess að engir hlutir (t.d. leiðslur) séu undir fótum tækisins eða að MOTOmed-tækið sé yfir þröskuldi. Ef aðgæsla er ekki höfð getur gólfestingin orðið fyrir skemmdum.

VARÚÐ



Hætta á meiðslum!

Meðan á þjálfun stendur má hvorki eiga við hæðarstillinguna né gólfestinguna.

Ekið upp að hlið rúmsins/bekksins

Vegna þess að hægt er að snúa þjálfunareiningunni á MOTOmed layson.la um 90° í báðar áttir er hægt að færa hlið tækisins að rúminu/bekknunum. Áður en tækið er fært upp að rúminu er þjálfunareiningunni snúið í æskilega stefnu að rúminu.

VARÚÐ




Hætta á skemmdum á hlutum vegna veltu

Færið MOTOmed layson.la *ekki* til hliðar að rúminu/bekknunum ef notandinn gæti beitt álagi alls líkamsþunga síns á tækið, t.d. vegna krampa. Við það getur MOTOmed-tækið orðið óstöðugt.

Losið festigripið ② og snúið þjálfunareiningunni ① upp að stoppi í æskilega stefnu. Læsið festigripinu aftur.

Færið MOTOmed-tækið til hliðar upp að rúminu/bekknunum. Ýtið MOTOmed-tækinu ekki svo þétt upp að rúminu að fótstigin séu staðsett ofan við sköflunga notandans.

Stillið tækið í rétta hæð ef með þarf, losið fyrst festigripið ③ á lóðréttu súlunni og færið fótstigin í æskilega hæð yfir rúminu. Læsið festigripinu ③ aftur. Gætið þess að fótstigin snerti ekki dýnuna þegar þau eru í lægstu stöðu.



mynd 4.18

Ráðlegging: Viðflutninga á MOTOmed layson. Þa þarf að snúa þjálfunareiningunni aftur í akstursstefnu og læsa henni.

sjá mynd 4.19 Losið festigripið ② og færið þjálfunareininguna ① í akstursstefnuna. Læsið festigripinu aftur.



Nákvæm staðsetning gerist sjálfkrafa meðan festigripið er hert. Ekkert stopp er fyrir að snúa þjálfunareiningunni í akstursstefnu.



mynd 4.19

Hnébeygjustilling

VARÚÐ




Hætta á meiðslum!

Þjálfunareiningin er *ekki* með sjálfkrafa festingu og þarf að tryggja hana gegn því að færast skyndilega niður eftir að festigripið hefur verið losað. Þjálfunareiningin getur ekki fallið niður vegna þess að hún er útbúin með endastopp.

sjá myndir 4.20, 4.21

Losið festigripið áður en fæturnir eru settir í ① og haldið þjálfunareiningunni fastri með hinni hendinni ②.

Ýtið þjálfunareiningunni með hendinni eins og örin sýnir í æskilega stöðu. Athugið að hnjáliðir notandans við þjálfun (í mestu fjarlægð fótstiganna til notandans) séu ávallt lítið eitt bognir. Læsið festigripinu aftur.



Myndir 4.20, 4.21

Hnébeygjustilling með stillihjóli (uppsetning vörunnar)

Hnébeygjustilingin á MOTMed layson.l eða á MOTMed layson kidz.l er *gerð valkvætt* og á MOTMed layson.la eða á MOTMed layson kidz.la *sem staðall* með stillihjóli. Þannig er hægt að stilla hnébeygjuna hvenær sem er meðan á þjálfun standur.

sjá myndir 4.22, 4.23

Losið festigripið ①. Snúið stillihjólinu ③ og færið þjálfunareininguna ② í æskilega stellingu. Athugið að hjáliðir notandans við þjálfun (í mestu fjarlægð fótstiganna til notandans) séu ávallt lítið eitt boginir. Læsið festigripinu aftur.


VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tæki



Ef þjálfunareiningin hefur verið færð alveg í botn má ekki snúa stillihjólinu af afli því það gæti valdið skemmdum á vélbúnaðinum inni í tækinu. Gætið þess að festigripið sé laust þegar stillihjólid er notað.

MOTomed layson.l



Myndir 4.22, 4.23

MOTomed layson.la




Myndir 4.24, 4.25

Fótleggjabeinir »TrainCare« (aukabúnaður)


sjá myndir 4.26, 4.27

Ef útbúa á MOTomed-tækið með fótleggjabeini »TrainCare« þarf að stinga henni í opið á þjálfunareiningunni ①. Opnið hlífðarlokið ② varlega alveg að stoppinu og stingi rétthyrnda prófilnum ③ á »TrainCare« alveg í botn í til þess gert op.



mynd 4.26

Krækið krókunum ④ á útvikkurunum í þar til gerðar festingar ⑤ á kálfastuðningunum.



Myndir 4.27, 4.28

Undirbúningur, þjálfun fótleggja

Öryggisfótstig sett á

Ef handföngin eru ásett á MOTomed layson.la er þeim skipt út og öryggisfótstig sett í staðinn. Með þessari hraðskiptitækni er hægt að skipta um án verkfæra.

Opnið öryggisfestinguna ① og takið handföngin ② af.



mynd 4.29

Setjið öryggisfötstigin ④ á og lokið öryggisfestingunni ⑤ aftur.



mynd 4.30

sjá myndir 4.31, 4.32 Setjið fæturna í öryggisfötstigin ① og í kálfastuðningin ef hann er til staðar ② á *fótleggjabeininum »TrainCare«*. Festið fæturna með festböndunum í öryggisfötstigin og fótleggina í kálfastuðningana. Athugið að hnjáliðir notandans við þjálfun (í mestu fjarlægð fötstiganna til notandans) séu ávallt lítið eitt boginir.

Myndir 4.31, 4.32



Undirbúningur Þjálfun handleggja/efri hluta líkamans

Handföngin sett á

Ef öryggisfótstig eru ásett á MOTomed layson.la er þeim skipt út og handföng sett í staðinn. Með þessari hraðskiptitækni er hægt að skipta um án verkfæra.

Opnið öryggisfestinguna ① og takið öryggisfótstigin ② af. Ef *fótleggjabeinirinn »TrainCare«* er ásettur þarf að taka króka ③ útvíkkaranna frá kálfastuðningunum ④ af og taka öryggisfótstigin af í heild sinni ásamt kálfastuðningunum.



mynd 4.33

sjá mynd 4.33 Ef **fótleggjabeinirinn»TrainCare«** er í settur, takið rétthyrnda prófílinn ⑤ úr opinu og komið »TrainCare« fyrir á öruggum stað.

Lokið hlífðarlokinu ⑥ á þjálfunareiningunni.
Setjið handföngin ⑦ á og lokið öryggisfestingunni ⑧ aftur.



mynd 4.34

Setjið hendurnar á handföngin. Festið hendurnar ef með þarf með meðfylgjandi aukabúnaði (t.d. *úlnliðsböndum, framhandleggshvílum*). Athugið að olnbogar notandans við þjálfun (í mestu fjarlægð handfanganna til notandans) séu ávallt lítið eitt bognir.

Gangsetning

Látið MOTomed-tækið standa eftir langan flutning í að minnsta kosti 3 klukkustundir við stofuhita fyrir fyrstu notkun.

sjá mynd 4.35 Hægt er að leggja stjórneininguna ① saman alveg í botn eða halla henni eða sveigja í hentuga stellingu.




mynd 4.35

Til reiðu

Tengið rafmagnssnúruna ① fyrst við jarðtengdu klóna ② hægra megin neðan á MOTomed-tækinu. Gangið úr skugga um að hún sé almennilega tengd. Stingið síðan kló ③ rafmagnssnúrunnar ① í innstungu í herberginu.

Klón ③ og jarðtengda klón ② þurfa ávallt að vera aðgengileg svo hægt sé að setja MOTomed-tækið í samband og taka það úr sambandi hindrunarlaust.



mynd 4.36

MOTOmed-tækið er nú í biðham (Standby).


Þetta er gefið til kynna með grænu LED-ljósi ④ á stjórnborðinu.

Styðjið á straumrofann ⑤ til að kveikja á MOTOmed-tækinu.

MOTOmed-tækið er tilbúið til notkunar í síðasta lagi 30 sekúndum eftir að kveikt hefur verið á því.

Aðalskjárin birtist. Ef aftur er stutt á straumrofann ⑤ slokknar á skjánum.

MOTOmed-tækið er nú í hvíldarham. Til að setja MOTOmed-tækið algjörlega í biðham (Standby) skal halda straumrofanum ⑤ niðri í 3 sekúndur.



mynd 4.37

Til að spara rafmagn birtist skjávarinn 15 mínútum eftir að þjálfun er lokið eða eftir síðustu innfærslu. Hægt er að kveikja aftur á honum með kveikja/slökkva-rofanum ⑤. Ef ekkert gerist heldur MOTOmed-tækið að vera áfram í biðham (Standby) í 15 mínútur.

MOTOmed-tækið er hannað til að vera stöðuglega í reiðuham. Til að rjúfa rafstrauminn algjörlega við viðgerðir, hreinsun eða flutning verður að taka klóna úr sambandi.

50 **Stjórneining**

- 51 Snúanleg stjórneining með fjarstýringu fyrir sjúkling
- 52 Stjórneining sem taka má af með fjarstýringu fyrir sjúkling
- 53 Virkja tengi fyrir fjarstýringu sjúklings

56 **Þjálfun**

- 56 Frjáls þjálfun
- 56 MOTOmed layson.l / layson kidz.l / layson.l dia
- 57 MOTOmed layson.la / layson kidz.la / layson.la prof
- 58 Virk/hlutlaus þjálfun
- 58 Mótorhraði
- 58 Viðnám

Stjórneining

Kveikt og slökkt er á MOTMed-tækinu með kveikja/slökkva-rofanum (2).

Með rauða „Stopp“-hnappinum (3) er hægt að stöðva þjálfun hvenær sem er. Á snertiskjánum (4) er hægt að velja mismunandi þjálfunarhami, kalla fram þjálfunargögn og framkvæma stillingar. Valmöguleikarnir skýra sig flestir sjálfir.

Neðan á húsinu (1) er USB-tengi (5), raðtengi (6) og tengi fyrir fjarstýringu sjúklings (7).

Hægt er að tengja minnislykil við USB-tengið (5). Hann er notaður til að vista þjálfunargögn og fyrir hugbúnaðaruppfærslur.



mynd 5.1

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Ekki skal tengja annan aukabúnað við tengin nema þann sem samþykktur er af fyrirtækinu RECK.

Snúanleg stjórneining með fjarstýringu fyrir sjúkling

MOTMed-tækið er útbúið með stjórneiningu ① sem þið getið beygt alveg í botn eða hallað henni í hentuga stellingu. Vegna þess að hægt er að snúa stjórneiningunni um 235° er hægt að stjórna tækinu frá hvorri hlið rúmsins/bekksins sem er.

Stjórneiningunni fylgir fjarstýring sjúklings ② sem sjúklingurinn getur notað til að hann geti sjálfur hætt í þjálfuninni hvenær sem er. Til að hægt sé að nota fjarstýringu sjúklings ② þarf að virkja tengið í stillingunum.

blásiða 53 Farið eftir leiðbeiningunum *'Virkja tengi fyrir fjarstýringu sjúklings'*.



Myndir 5.2, 5.3

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Við notkun á fjarstýringu sjúklings þarf að gæta þess að leiðslan sé ekki í grennd við fótstig sem snúast eða handföng heldur liggja langsum eftir rúminu. Gætið sérstaklega að því að engin spenna sé á leiðslunni á fjarstýringu sjúklings og að hún lendi ekki í grennd við snúningssvæði fótstíganna eða handfanganna.

Stjórneining sem taka má af með fjarstýringu fyrir sjúkling

Á gerðum þar sem hægt er að taka stjórneininguna af ① getur sá sem er í þjálfun stjórnað MOTMed-tækinu sjálfstætt.

Stjórneiningunni fylgir fjarstýring sjúklings ④ sem sjúklingurinn getur notað til að hann geti sjálfur hætt í þjálfuninni hvenær sem er. Þi að hægt sé að nota fjarstýringu sjúklings ④ þarf að virkja tengið í stillingunum.

blásiða 53 Farið eftir leiðbeiningunum *Virkja tengi fyrir fjarstýringu sjúklings*'.

Takið stjórneininguna ① úr festingu sinni ②. Hægt er að draga leiðsluna úr leiðslurúllunni ③ mest 2,9 m.



Myndir 5.4, 5.5

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á tækinu

Við notkun á stjórneiningunni/fjarstýringu sjúklings þarf að gæta þess að leiðslan sé ekki í grennd við fótstig sem snúast eða handföng heldur liggja langsum eftir rúminu. Gætið sérstaklega að því að engin spenna sé á leiðslunni á stjórneiningunni sem taka má af/fjarstýringu sjúklings og að hún lendi ekki í grennd við snúningssvæði fótstigganna eða handfanganna.

Ef stjórneining sem taka má af ① er ekki lengur nauðsynlegt er hún sett aftur í festinguna ②. Stjórneiningin festist þar með segli. Ýtið á hnappinn ③ á leiðslurúllunni ④ og látið leiðsluna rúllast alveg inn.



mynd 5.6

Virkja tengi fyrir fjarstýringu sjúklings

Til að hægt sé að nota fjarstýringu sjúklings þarf fyrst að virkja tengi hennar.



Stillingin á tenginu fyrir fjarstýringu sjúklings er vistuð jafnvel eftir að MOTMed-tækið hefur verið gangsett aftur.

Ef tengið er virkt er aðeins hægt að hefja þjálfunina með tengdri fjarstýringu sjúklings.

Ef ekki á að nota fjarstýringu sjúklings lengur þarf að gera tengið óvirkt aftur.

Tengið fjarstýringu sjúklings ② með leiðslunni við viðkomandi tengi á ③ stjórneiningunni ①.



Myndir 5.7, 5.8

Veljið á heimaskjánum hnappinn 'Stillingar' ①.




mynd 5.9

Veljið síðan hnappinn 'Tengi' ② og síðan hnappinn 'Fjarstýring sjúklings' ③.




mynd 5.10



mynd 5.11

Ýtið á hnappinn 'kveit' ④ og staðfestið innfærsluna með ✓.

Nú er tengið fyrir fjarstýringu sjúklings virk.



mynd 5.12

Þjálfun

Frjáls þjálfun

Ýtið á straumrofann til að kveikja á MOTMed-tækinu. MOTMed-tækið fer í gang og fer í notkunarham. Heimaskjárinn birtist.

MOTMed layson.I/layson kidz.I/layson.I dia

Hnappar fyrir fótaþjálfarann birtast á heimaskjánum.



mynd 5.13

Fótaþjálfun hefst eftir að stutt hefur verið á fótaþjálfarahnappana. Fótstigin byrja rólega að snúast með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur hefur verið.

Athugun á fjarstýringu sjúklings

sjá mynd 5.14 Athugið virknina á tengdri fjarstýringu sjúklings ① með því að ýta á ‚Stopp‘-hnappinn ②. Ef þjálfunin stöðvast er fjarstýring sjúklingsins virk. Með því að ýta á ‚Start‘-hnappinn ③ er hægt að hefja þjálfunina á ný.



mynd 5.14

MOTOmed layson.la / layson kidz.la / layson.la prof

Hnappar fyrir fótaþjálfara og þjálfara handleggja/efri líkama birtast á heimaskjánum. Hægt er að velja hnappana beint.

Ráðlegging:

blásiða 43 Áður en fótaþjálfunin er valin þarf að setja öryggisfótstig á. Farið eftir lýsingunni *„Undirbúningur þjálfun fótleggja“*, *„Setja öryggisfótstig á“*.

blásiða 45 Áður en þjálfun á handleggjum/efri líkama er valin þarf að setja handföng á. Farið eftir lýsingunni *„Undirbúningur þjálfun handleggja/efri líkama“*, *„Setja handföng á“*.



mynd 5.15

Þjálfun hefst eftir að stutt hefur verið á hnappa fyrir þjálfara handleggja/efri líkama.

Fótstigin og/eða handföngin byrja að snúast rólega með þeim hlutlausu snúningshraða sem stilltur var.

blásiða 56 Ef fjarstýring sjúklings er tengd þarf að fara eftir lýsinguni á *„Prófa fjarstýringu sjúklings“*.

VARÚÐ




Hætta á meiðslum vegna fetilsveifa sem snúast

Grípið ekki í fótstigin eða handföngin á meðan sveifarnar snúast.


Virk/hlutlaus þjálfun


Eftir upphitunartímann er hægt að láta vélina halda hlutlausum hreyfingum áfram (hlutlaus þjálfun) eða hægt er að hefja virkar hreyfingar (virk þjálfun) hvenær sem er.


Mótorhraði


Meðan á hlutlausri þjálfun stendur er hægt að breyta snúningshraða mótorsins frá 1–60 sn/mín. með hnappinum .

Viðnám

Í virkum þjálfunarham er hægt að stilla viðnámið á bilinu 0–20 með hnappinum .

blásiða 50 Með rauða stopp-hnappinum  á stjórneiningunni er hægt að hætta við þjálfun hvenær sem er.

Farið er á heimaskjáinn með því að styðja á  hnappinn.

Farið er eitt skref til baka með því að styðja á  hnappinn.

- 60 **Fótleggjabeinir »TrainCare«**
Pöntunarnr. 261.500 »TrainCare«, Pöntunarnr. 261.502 »TrainCare kidz«
- 62 **Fótahraðfesting »QuickFix«**
Pöntunarnr. 265.004
- 63 **Vagga fyrir stjórneiningu sem taka má af**
Pöntunarnr. 261.523
- 63 **Únliðabönd**
Pöntunarnr. 562.000 stærð L, Pöntunarnr. 562.030 stærð M,
Pöntunarnr. 562.020 stærð S
- 64 **Tetra-handföng með hraðskiptitækni**
Pöntunarnr. 555.200
- 64 **Lóðrétt handföng með hraðskiptitækni**
Pöntunarnr. 557.200
- 65 **Ergo-handföng með hraðskiptitækni**
Pöntunarnr. 372.200
- 65 **Framhandleggjahvílur með hraðskiptitækni**
Pöntunarnr. 356.200
- 66 **Krókhandfang**
Pöntunarnr. 567.000

Fótleggjabeinir »TrainCare«

Fótleggjabeinirinn »TrainCare« ① með kálfastuðningi ② sér um að neðri fótleggirnir séu í öruggri stöðu og kemur í veg fyrir að þeir færast óvart til hliðanna. Einnig koma þeir í veg fyrir að hjáliðirnir teygist of mikið eða læsist.



Hjá lömuðum og meðvitundarlausum notendum þarf skilyrðislaust að nota fótleggjabeininn »TrainCare«.



mynd 6.1

Hægt er að stilla ② stillingarbeygjuna ③ sérstaklega fyrir hægri eða vinstri hlið.

Stillingarbeygjan er stillt á þann hátt að fótleggirnir hafi sem besta festingu við þjálfum með MOTMed-tækinu. Þannig er komið í veg fyrir að fótleggirnir renni til hliðanna.

sjá mynd 6.2, 6.3

Til að stilla stillingarbeygjuna ③ þarf að láta MOTMed-tækið stöðvast. Losið tvær festiskrúfur ④ sem eru á bakhliðinni. Stillið vinkilinn á stillingarbeygjunni báðum megin og herðið festiskrúfurnar síðan aftur.



Myndir 6.2, 6.3

Áður en MOTMed-tækið er gangsett þarf að athuga hvort vinklarnir sem stillt var á gefi fótleggjum notandans fullnægjandi festu. Koma þarf í veg fyrir að fótleggirnir geti færst út á við.

Hægt er að stilla lyftikraft fótleggjabeinisins »TrainCare« fyrir hvorn fótlegginn um sig. Nauðsynlegt er að lyftikrafturinn sé meiri eða minni eftir staðsetningu notandans í rúminu eða þyngd fótleggjanna.

sjá myndir 6.4, 6.5

Til að auka lyftikraftinn eru framlengingarnar færðar það langt út ① með því að snúa handföngunum ② að komið sé í veg fyrir að hjáliðirnir teygist of mikið. Ef ýtt er á handföngin ② er aftur hægt að minnka strekkinguna á framlengingunum.

VARÚÐ



Hætta á meiðslum!

Haldið handfanginu sem ýtt er á tryggilega! Annars geta fótleggjabeinarnir fallið niður óvart ef búið er að koma fótum fyrir í þeim.

VARÚÐ




sjá mynd 6.4

Slyshætta vegna slitinna eða skemmdra framlenginga!

Framlengingarnar geta slitnað við ofnotkun og gætu valdið slysum. Athugið framlengingarnar reglulega og skiptið um þær eftir þörfum. Snúið framlengingunum aðeins í þá stefnu sem sýnd er því annars gætu þær skemmst.


Myndir 6.4, 6.5



Fótahraðfesting »QuickFix«

Með fótahraðfestingunni »QuickFix« fótahraðfestingunni getur er hægt að festa fótleggina við öryggisfótstigin á skjótan hátt og losa þá aftur. Opnið »QuickFix« með því að ýta stýristönginni ① niður eða draga hana upp og setjið fætturna inn. Ýtið frauðpúðanum ② niður með hendinni þangað til hann er kominn í stöðu þar sem þægilegur þrýstingur er á fótinn. Púðafestingin ③ festist með heyrnlegum smelli með stuttu millibili og er kirfilega fest í öllum þessum festingarþrepum.

Eftir að þjálfun er lokið er »QuickFix« opnað með því að ýta stýristönginni ① niður eða draga hana upp.



mynd 6.6, 6.7

Vagga fyrir stjórneingu sem taka má af

Hægt er að setja stjórneinguna ② sem taka má af á vögguna ①.



mynd 6.8

Únliðsbönd fyrir handfestingu

Hægt er að festa lamaða (veikbyggða) hönd við mismunandi handföng á auðveldan og fljótlegan hátt með únliðsböndunum ①.



mynd 6.9

Tetra-handföng með hraðskiptitækni

Með Tetra-handföngunum ① er hægt að setja handleggi inn á auðveldan og sjálfstæðan hátt. Hægt að stilla framhandleggsstuðninginn ③ á sveigjanlegan hátt með stilliskrúfunni ②.

Með hraðskiptitækninni ④ er hægt að skipta auðveldlega um handföngin án verkfæra. Opnið hulsuna ⑤ og fjarlægjið handfangið. Komið handfanginu sem óskað er eftir fyrir og lokið króknum alveg aftur ⑥.



mynd 6.10

Lóðrétt handföng með hraðskiptitækni

Lóðréttu handföngin ① henta fyrir notendur sem geta haldið sér fast að nokkru leyti en þurfa að nota handvölu. Lóðréttu handföngin eru útbúin með rennislíf ② að innanverðu.

sjá mynd 6.10 Virkni hraðskiptatækninnar *sjá Tetra-handföng*.



mynd 6.11

Ergo-handföng með hraðskiptitækni

Með Ergo handföngum ① er hægt að stilla höndina einstaklingsbundið án þess að gera breytingar. Notandinn getur valið úr 3 staðsetningum á handföngum.

sjá mynd 6.10 Virkni hraðskiptatækninnar *sjá Tetra-handföng.*



mynd 6.12

Framhandleggjahlútur með hraðskiptitækni

sjá mynd 6.13 Framhandleggshvílurnar ① gera skorðun og festingu handleggja sem bera merki um alvarlega lömum mögulega. Fyrir útföfnunargreyfingar framhandleggjanna til hliðar er hægt að snúa framhandleggshvílunum í lárétta stefnu.

Losið vængjaskrúfuna ② neðan á framhandleggshvílunni ① og stillið þverhandfangið ③ í þá átt sem óskað er eftir. Herðið vængjaskrúfuna ② aftur í valdri stöðu.

sjá mynd 6.10 Virkni hraðskiptatækninnar *sjá Tetra-handföng.*

VARÚÐ



Athugið að lágmarks innsetningardýpt þverhandfangsins ③ er 2,5 cm.

VARÚÐ



Gangið úr skugga um að hendur (og fingur) séu festar á þann hátt að þær geti ekki rekist í sveifarinnar. Þjálfun þar sem hendur og handleggir eru lagðar í framhandleggshvilurnar og festar er eingöngu heimilt að framkvæma undir eftirliti.



mynd 6.13

Krókhandfang

Hægt er að festa lamaða (veikbyggða) hönd við handleggjapjálfarann eða haldfang á auðveldan og snöggan hátt með krókhandfanginu ① fyrir handfestingu.



mynd 6.14

- 68 **Öryggisfyrirmæli fyrir bilanagreiningu**
- 68 **MOTMed-tækið virkar ekki eða stjórnborð svarar ekki**
- 68 **MOTMed-tækið snýst á ójafnan hátt**
- 69 **Mögulegar afleiðingar sem rafsegultruflanir gætu haft á MOTMed-tækið**

Öryggisfyrirmæli fyrir bilanagreiningu

VIÐVÖRUN



Einungis viðurkenndum fagaðilum er heimilt að framkvæma viðgerðir á MOTOmed-tækinu.

Áður en viðhaldsþjónusta er framkvæmd verður skilyrðislaust að taka rafmagnsklónna úr innstungunni til að aftengja rafmagnið.

blásíða 79 Ef bilun hefur komið upp sem ekki er hægt að lagfæra og er ekki meðal þeirra sem tilgreindar eru í listanum hér fyrir neðan, vinsamlegast hafið samband við þjónustudeild RECK fyrirtækisins eða viðurkenndan samstarfsaðila.

MOTOmed-tækið virkar ekki eða stjórnborð svarar ekki

blásíða 47 Gangið úr skugga um að rafmagnssnúrunni sé rétt komið fyrir í innstungunni og tenginu í undirvagni MOTOmed-tækisins. Athugið hvort græna LED-ljosið á stjórnborðinu lýsi. Athugið einnig hvort innstungan virki (með því að stinga öðru raftæki í samband). Athugið á MOTOmed með stjórneiningu sem taka má af hvort báðum klónum á leiðslurúllunni hafi verið stungið í samband á réttan hátt.

MOTOmed-tækið snýst á ójafnan hátt

Vinsamlegast athugið eftirfarandi atriði:

1. Staða og líkamsstaða notandans.
Liggja skal við MOTOmed-tækið á öruggan hátt og í beinni línu við það. Fjarlægðin skal valin þannig að ekki réttist alveg úr hnjánum á meðan fótstigin snúast.
2. Í tilviki helftarlömunar gæti orsakast ójafn snúningur (sérstaklega við lágt hemlaviðnám) vegna þess að hvor líkamshlið einstaklings starfar með mismunandi hætti.
3. Ef snúningur er einnig ójafn þegar fótleggir eru ekki á fótstigunum þarf fagaðili að yfirfara tækið.

Mögulegar afleiðingar sem rafsegultruflanir gætu haft á MOTMed-tækið

Hugsanleg áhrif	Aðgerðir til lagfæringar
Þjálfunin stöðvast	Byrjaðu þjálfun að nýju
MOTMed-tækið slekkur á sér	Kveiktu aftur á MOTMed-tækinu
Valin þjálfun skiptist sjálfkrafa yfir í aðra þjálfun	Stöðvaðu þjálfun og byrjaðu síðan þjálfunina sem þú óskaðir eftir að nýju
Þjálfunarhraðinn breytist sjálfkrafa	Engra aðgerða krafist, sjálfvirk endurheimting á sér stað eftir að truflunin tekur enda
Hljóðræn viðvörðun fer í gang	Engra aðgerða krafist, sjálfvirk leiðrétting á sér stað eftir að truflunin tekur enda
Sjónræn viðvörðun birtist	Engra aðgerða krafist, sjálfvirk leiðrétting á sér stað eftir að truflunin tekur enda

Hreinsun, viðhald, endurvinnsla

Hreinsun

VIÐVÖRUN



Slysaætta vegna rafspennu!

Meðan á hreinsun og sóttþreinsun MOTOMed-tækisins stendur þarf að taka straum af tækinu með því að taka klóna úr sambandi!

Einungis má hreinsa eða sóttþreinsa MOTOMed-tækið með sér til gerðum hreinsiklútum.

VARÚÐ



Hætta á skemmdum á MOTOMed!

Sóttþreinsun með úða eða sturtu er ekki leyfð sökum viðkvæmra raftenginga og hreyfanlegra ihluta sem ekki eru vatnsheldir!

Í grundvallaratriðum er hreinsun með ákveðnu millibili ekki tilskilin. Hreinsun fer fram eftir þörfum og hreinlætiskröfum.

Á stöðum þar sem margir aðilar nota MOTOMed-tækið skulu hlutar tækisins sem gætu komist í snertingu við særða líkamshluta notenda (t.d. ef um er að ræða opin sár eða hættu á legusári), vera hreinsaðir eftir hverja notkun og sóttþreinsaðir með viðeigandi sóttþreinsunarefni.

Notið ekki sterk, ætandi hreinsiefni eða hreinsiefni sem innihalda klór sem virkt efni eða leysiefni. Sjáið sérstaklega til þess að allir límmiðar sem límdir hafa verið á MOTOMed-tækið skemmist ekki á meðan á hreinsun stendur.



Sóttþreinsiefni og hreinsiefni sem mælt er með eru t.d.

- Meliseptol yfirborðsóttþreinsiefni
- Sagrotan alhliðahreinsiefni

Viðhald

blásiða 21 MOTOmed þarfnast ekki reglulegs viðhalds/viðgerðarþjónustu. Áður en þjálfun hefst skal framkvæma sjónræna skoðun samkvæmt kafla 3. Slitna íhlutir (t.d fótstigsklæðning, handföng, expander) verður að endurnýja.

Endurvinnsla

MOTOmed-tækið er framleitt eftir hágæða aðferðum og algjörlega úr málm:

Það er endingargott, umhverfisvænt og endurvinnanlegt. Farga skal tækinu í samræmi við EB-reglugerð 2012/19/WEEE-EU (Waste Electrical and Electronic Equipment) fyrir rafmagns- og rafeindatæki.

blásiða 79 Vinsamlegast hafðu samband við MOTOmed-þjónustuteymið ef þú hefur frekari spurningar.

Tæknilegar upplýsingar, tákn

Stærðir og þyngd

MOTOmed-gerð	Stærðir (Ytri mælingar í cm lág./há.)			Þyngd (í kg)
	Lengd	Breidd	Hæð	
layson.l/layson kidz.l útvíkanlegur undirvagn	110–125	62–100	113–157	80
layson.l/layson kidz.l samsíða undirvagn	110–125	62–92	113–157	80
layson.l/layson kidz.l útvíkanlegur undirvagn	142–155	67–105	131–166	98
layson.l/layson kidz.l samsíða undirvagn	142–155	67–97	131–166	92
layson.l dia	110–125	62–100	113–157	80
layson.la prof	142–155	67–105	131–166	105

Tengiaflsgildi (netspenna, tíðni nets)

100–240V~/há. 120VA
47–63 Hz

Rafmagnsnotkun

í reiðuham <1 W

Umhverfisskilyrði fyrir notkun

Hiti +5 °C til +40 °C

Raki 15 % til 90 % rakastig,
þéttist ekki en án nauðsynlegs
vatnsgufuhlutþrýstings sem er hærri en 50 hPa

Loftþrýstingur >783,8 hPa til 1060 hPa

Notkunarhæð <2000 m yfir sjávarmáli

Umhverfisskilyrði fyrir geymslu og flutning

Hiti	-25 °C til +70 °C
Raki	rakastig allt að 90%, þéttist ekki frá +5 °C til +35 °C vatnsgufuhlutþrýstingur allt að 50 hPa frá >+35 °C til +70 °C
Loftþrýstingur	engar upplýsingar

Verndarstig IP21

Flokkun Verndarflokkur II, gerð BF

Flokkun í samræmi við reglugerð um almenn lækningatæki MDD

IIa

Flokkun samkvæmt MDR

IIa, viðauka VIII, reglu 9

NBOG kóði 1108 virk endurhæfingartæki


FDA-vörukóði BXB - exerciser powered

Hámarks leyfileg notandaþyngd

135 kg

Handföngin eru húðuð með PVC-plasti
Aftenging við öll skaut MOTOmed-tækisins er gerð með því að taka
rafmagnssnúruna úr sambandi.

Skýringar á táknum – almenn



Gerðarspjald
Komið fyrir á undirvagni
MOTomed-tækisins.
Myndin er aðeins dæmi,
raunverulegt framleiðslunúmer
er **SN** hægt að lesa beint af
MOTomed-tækinu!



Auðkenning á stjórneiningunni sem taka má af.



Auðkenning á fjarstýringu sjúklings.



Sýnir framleiðanda lækningatækisins.



Raðnúmer tækisins.



Fylgið leiðbeiningunum fyrir notkun.

IP21

MOTomed-tækið er í samræmi við verndarstig IP21: Varið gegn því að fastir aðskotahlutir komist inn og að vökvar geti lekið ofan frá.



Tæki í verndarflokki II.



Framkvæmið förgun í samræmi við WEEE-nr. DE 53019630.



Framleiðsluár sem MOTomed-tækið var framleitt (t.d. 2018).



Þyngd ásamt öruggri vinnuþyngd í kílógrömmum.



MOTomed-tækið er í samræmi við tilskipun um lækningartæki 93/42/EEC.



„Um leiðbeiningar fyrir fjarstýringuna“.



Ekki skal ýta á hlið MOTOmed-tækisins, halla sér á það eða ýta því til.



Ekki skal klifra upp á MOTOmed-tækið né þjálfa með því í standandi stellingu.



Notkunarlutir af gerðinni BF

Notkunarlutir eru hlutir sem, við rétta notkun tækisins, koma í snertinu við notandann og þurfa þar af leiðandi að uppfylla sérstök öryggisskilyrði.

Eftirfarandi notkunarluti (gerð BF) er hægt að setja upp á MOTOmed-tækið og þá verður að yfirfara reglulega:

- Stjórneining
- Grip
- Handföng
- Fótstig
- Fótleggjabeinir með kálfastuðningi


Áætlaður endingartími

Áætlaðan endingartíma er ekki hægt að tilgreina nákvæmlega fyrirfram því hann ákvarðast af notkunarumhverfi, notkunartíðni og tegund notkunar.

Áætlaður endingartími á þar af leiðandi við það tímabil sem tækinu er ætlað að vera í reiðuham eftir upphaflega uppsetningu. Þessi endingartími einskorðast við 10 ár svo framfarlega að tæknilegar upplýsingar tækisafbrigðisins og fylgihlutanna veiti ekki aðrar upplýsingar.

Þjónusta

Ef þú hefur einhverjar spurningar geturðu ávallt leitað til okkar. Vinsamlegast hafðu samband – við munum taka vel á móti spurningum þínum og ábendingum. Við getum einnig haft samband við þig. Vinsamlegast gefðu okkur ávallt upp framleiðslunúmer **[SN]** tækisins. Númerið er að finna á gerðarspjaldinu á undirvagni MOTOmed-tækisins.



mynd 10.1

Myndin er aðeins dæmi, raunverulegt framleiðslunúmer er **[SN]** hægt að lesa beint af MOTOmed-tækinu!

Tengiliðir fyrir innlenda þjónustuaðila

Sími 07374 18-84
Fax 07374 18-80
Netfang service@MOTOmed.com

eða hringdu gjaldfrjálst í okkur í síma 0800 668 6633

Tengiliðir fyrir alþjóðlega þjónustuaðila

Sími +49 7374 18-85
Fax +49 7374 18-480
Netfang service@MOTOmed.com

- 82 **Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulgeislun**
- 83 **Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi**
- 84 **Ráðlagðar öryggisfjarlægðir**

Framleiðandinn lýsir yfir að rafmagnssnúra MOTOMed-tækisins sé í samræmi við kröfur EN 60601-1-2:2016-05 reglugerðarinnar.

Notkun annarra fylgihluta eða snúra en þeirra sem framleiðandi þessa tækis hefur tilgreint eða útvegað getur leitt til aukinna rafsegultruflanasendinga eða minnkaðs rafsegulónæmi tækisins og leitt til tæknilegra bilana.

Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulgeislun


MOTOMed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulsumhverfi sem lýst er hér fyrir neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi MOTOMed-tækisins skal ganga úr skugga um að tækið sé notað í slíku umhverfi.

Truflanaeislunarmælingar	Samræmi	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
Hátiðnageislun í samræmi við CISPR 11	Hópur 1	MOTOMed-tækið notar hátiðniafl eingöngu fyrir innri virkni þess. Þar af leiðandi er hátiðnageislun þess mjög lág og ólíklegt er að nærliggjandi raftæki verði fyrir truflun frá þeim.
Hátiðnageislun í samræmi við CISPR 11	Flokkur B	MOTOMed-tækið er hannað til notkunar í öllum stofnunum og heimilum sem hafa beinan aðgang að almennri rafmagnsveitu sem einnig veitir íbúðarhúsnæðum rafmagn.
Yfirsveifugeislun samkvæmt IEC 61000-3-2	Flokkur A	
Geislun spennusveiflu/flökts samkvæmt IEC 61000-3-3	Samræmist	

Yfirlýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi

MOTOmed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulsumhverfi sem lýst er hér fyrir neðan. Viðskiptavinurinn eða notandi MOTOmed-tækisins skal ganga úr skugga um að tækið sé notað í slíku umhverfi.

Ónæmisprófanir	IEC 60601-prófunarstig	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
Rafstöðuafhleðsla (ESD) í samræmi við IEC 61000-4-2	±8 kV snertihleðsla ±15 kV lofthleðsla	Gólf ættu að vera gerð úr viði eða steypu eða lögð keramikflisum. Ef gólfíð er gert úr gerviefni verður loftraki að vera minnst 30%.
Skammvinnar raftruflanir í samræmi við IEC 61000-4-4	±2 kV 100 kHz endurtekningatiðni	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi.
Yfirspenna í samræmi við IEC 61000-4-5	±0,5 kV, ±1 kV Samhverf yfirspenna	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi.
Spennufall, skammtimatruflanir og sveiflur afhendingarspennunar í samræmi við IEC 61000-4-11	0% UT; ½ lota við 0, 45, 90, 135, 180, 225, 270 og 315 gráður 0% UT; 1 lota Einfasa: við 0 gráður 70% UT; 25/30 lotur Einfasa: við 0 gráður 0% UT; 250/300 lotur	Gæði rafspennunnar ætti að vera viðeigandi fyrir atvinnu- eða spítalaumhverfi. Ef notandi MOTOmed-tækisins krefst stöðugrar notkunar jafnvel í tilviki rafspennutruflana afgjafa er mælt með notkun truflunarlauss afgjafa eða rafhlöðu.
Segulsvið við afhendingartiðni (50/60 Hz) í samræmi við IEC 61000-4-8	30 A/m	Segulsvið við afhendingartiðni ætti að vera af því tagi sem er að finna í atvinnu- og spítalaumhverfi.
Athugasemd: UT er rafveituspennan áður en prófunarstig hefst.		

Ónæmisprófanir	IEC 60601-prófunarstig	Rafsegulsumhverfi – leiðbeiningar
Leiddar hátíðnitruflanir í samræmi við IEC 61000-4-6	$3V_{\text{eff}}$ 0,15 MHz til 80 MHz $6V_{\text{eff}}$ í ISM-tíðniböndum og áhugamannatíðniböndum á milli 0,15 MHz og 80 MHz 80% AM við 1 kHz	Forðast skal að nota þetta tæki beint við hlið annarra tækja því það gæti leitt þess að tækið starfi ekki rétt. Ef notkun eins og sú sem lýst er hér að ofan er samt sem áður nauðsynleg skal fylgjast með þessu tæki og öðrum tækjum til að ganga úr skugga um að þau starfi rétt.
Geislaðar hátíðnitruflanir í samræmi við IEC 61000-4-3	10V/m 80 MHz til 2,7 GHz 80% AM við 1 kHz	Sviðsstyrkur staðbundinna útvarpsenda í samræmi við staðbundna könnun ^a ætti að vera lægri en prófunarstigjö á öllum tíðnum. Í umhverfi tækja sem hafa eftirfarandi merkingar eru truflanir mögulegar. 
Athugasemd: Þessar viðmiðunarreglur gætu ekki átt við í sumum tilfellum. Gleypni og endurkast frá byggingum, hlutum og fólki gæti haft áhrif á útbreiðslu rafsegultruflanna.		
a) Sviðsstyrk staðbundinna senda, eins og t.d. móðustöðva þráðlausra síma og jarðlægra útvarpstækja, áhugamannaútvarpsstöðva, AM- und FM-útvarps- og sjónvarpsstöðva er fræðilega ekki hægt að ákvarða. Til að ákvarða rafsegulsvið með tilliti til staðbundinna senda skal íhuga að framkvæma staðbundna sköðun. Ef mældur sviðsstyrkur á staðnum þar sem MOTOmed-tækið er notað fer yfir ofargreindar kröfur skal ganga úr skugga um að MOTOmed-tækið starfi á réttan hátt. Ef óvenjulegra eiginleika verður vart gæti verið þörf á frekari ráðstöfunum eins og t.d. breytingu á stefnu eða staðsetningu MOTOmed-tækisins.		

Ráðlagðar öryggisfjarlægðir milli hreyfanlegra hátíðni-fjarskiptatækja og MOTOmed-tækisins.

MOTOmed-tækið er ætlað til notkunar í rafsegulumhverfi þar sem fylgst er með hátíðnitruflunum.

Hreyfanlegan hátíðnifjarskiptabúnað (útvarpstæki) (þar með talin aukabúnaður eins og loftnetstengi og ytra loftnet) ætti ekki að nota í mera en 30 cm (eða 12 tommu) fjarlægð frá íhlutum og tengjum MOTOmed-tækisins sem framleiðandinn tilgreinir. Ef þessar leiðbeiningar eru hunsaðar gæti það dregið úr virkni tækisins.

Efnisskrá

Þægileg handföng 59, 65
Þjálfari handleggja/efri líkama 27, 29, 45, 57
Þjálfun 49, 54
Þjónusta 79
Þyngd 73
Þyngdartakmörk 74

A

Ábendingar (sjúkdómar) 5, 9
Aflnotkun 73
Alvarlegt atvik 11

B

Bilanagreining 67, 68

E

Endurvinnsla 71, 72

F

Fjarstýring sjúklings 1, 2, 28, 49, 50, 51, 52, 53, 54, 55, 56, 58, 63
Flokkun 74
Flutningur 27, 34, 39, 46, 48
Förgun 76
Fótahraðfesting „QuickFix“ 59, 62
Fótþjálfun 27, 30, 57
Fótleggjabeinir »TrainCare« 27, 42, 44, 45, 46, 59, 60, 61
Frábendingar 5, 8, 10
Framhandleggshvílur 46, 59, 65, 66
Framleiðsluár 76
Frjáls þjálfun 56
Fylgihlutir 27, 42, 46, 59

G

Gangsetning 27, 30, 46

Gólffesting 1, 2, 27, 34, 36, 37, 38

H

Haldfang 1, 2, 35

Hnébeygjustilling 1, 2, 27, 40, 41

Hraðskiptitækni 43, 45, 59, 64, 65

Hreinsun 48, 71

I

Inngangur 1

Innstunga 1, 2, 47, 48

K

Krókhandfang 59, 66

L

Lóðrétt handföng 59, 64

M

Markmið þjálfunar 5, 9

Merkisspjald 75, 79

N

Neikvæðar aukaverkanir 5, 10, 11

Notandabygnd 74

Númer tækis 79

O

- Öryggisfjarlægðir 84
- Öryggisfótstig 1, 2, 30, 43, 44, 45, 57

R

- Raðnúmer 75, 79
- Rafmagnssnúra 1, 2, 28, 34, 47
- Raforkugildi 73
- Rafsegulgeislun 81, 82
- Rafsegulónæmi 81, 83
- Reiðuhumur 27, 47
- Riftunarákvæði 5, 8
- Rúlluhjól 1, 2, 34

S

- Samsetning 27, 28
- Samsíða undirvagn 27, 28, 31
- Sjónræn skoðun 21
- Sóttgreinsun 71
- Staðsetning 27, 35, 39
- Stærðir 73
- Stjórnborð 27, 28, 30, 46, 48, 59, 63
- Stjórneining 1, 2
- Stjórneining sem taka má af 27, 30

T

- Tæknilegar upplýsingar 73
- Táknskýringar 75
- Tengi fyrir fjarstýringu sjúklings 49, 51, 52, 53, 55
- Tengiliður 79
- Tetra handföng 59, 64, 65
- Tilætluð notkun 5, 7

U

Únliðabönd 59, 63

Umhverfisskilyrði 73, 74

Undirbúningur 27, 43, 45

Útvíkanlegur undirvagn 1, 2, 27, 33, 34, 36

V

Varúðarráðstafanir 13, 14, 15, 16

Vélin tekin í notkun í fyrsta sinn 27, 28

Verndarstig 74, 76

Viðhald 71, 72

Viðurkennd notkun 5, 7

Gildir frá og með framleiðsluárinu 2020

100.021.092 is 20231129

Við áskiljum okkur rétt til að gera tæknilegar breytingar á grundvelli framfara. Fjölföldun, að hluta til eða í heild sinni, er einungis leyfð með skriflegu leyfi frá fyrirtækinu RECK.

RECK

RECK-Technik GmbH & Co. KG

Reckstraße 1-5, 88422 Betzenweiler, ÞÝSKALANDI

Sími +49 7374 18-85, Faks +49 7374 18-480

info@MOTOmed.com, www.MOTOmed.com

